

Forstjóri/framkvæmdastjóri/sölustjóri

Kópavogi, nóvember 2024

Kæri viðtakandi,

Mæðrastyrksnefnd Kópavogi aðstoðar íbúa Kópavogs sem búa við erfiðar aðstæður. Nefndin sem starfar allt árið úthlutar gjafakortum sem nota má í stórmörkuðum. Einnig fer fram úthlutun á fatnaði og ýmsu til heimilisnota. Allt starf nefndarinnar fer fram í sjálfboðavinnu.

Undanfarin ár hefur þörfin aukist. Margir Kópavogsbúar bæði einstaklingar og fjölskyldur ná ekki endum saman. Félagslegt húsnæði hækkar, ásamt öðrum lífsmuðsynjum, án þess að bætur komi á móti. Á s.l. ári nutu hátt í eitt þúsund Kópavogsbúar aðstoðar nefnarinnar. Mikil aukning hefur einnig orðið á yfirstandandi ári. Skilyrði er að umsækjendur eigi lögheimili í Kópavogi og skili inn búsetuvottorði og staðgreiðsluskrá.

Nú styttest í jólin, þegar þörfin er hvað brýnust. Viljum við því með þessu bréfi leita til þíns fyrirtækis. Stuðningur getur verið hvort sem er í formi fjárstyrks eðs gjafakorta til matarkaupa, jafnvel jólagjafa eða annarrar nauðsynjavöru. Hvert framlag er mikils virði.

Við viljum nota tækifærið og þakka þann velvilja sem mörg fyrirtæki og einstaklingar, hafa sýnt starfseminni á liðnum árum. Ykkar stuðningur er okkar styrkur.

Sé óskað nánari upplýsinga, þá vinsamlega hafið samband við Mæðrastyrksnefnd Kópavogi sími 867 7251 á virkum dögum milli kl. 10:00 – 16:00 eða sendið tölvupóst: maedroko@simnet.is. www.maedro.is

Með fyrirfram þökk og virðingu,

Mæðrastyrksnefnd Kópavogi

Framlög er hægt að leggja inn á reikning Mæðrastyrksnefndar Kópavogs
Banki nr. 536-05-403774 kt. 500197-2349